

Hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu urðunarstaðar í Álfsnesi

SORPA hyggst, í samræmi við viðauka við samkomulag eigenda um rekstur urðunarstaðarins í Álfsnesi, efna til hugmyndasamkeppni fyrir grunnskólanemendur í sjöunda bekk í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og norðanverðum Grafarvogi, veturinn 2024 til 2025.

Markmiðið með samkeppninni er að bjóða nemendum á þessu svæði að taka þátt í að hanna og skapa almenningsgarð á Álfsnesi, á landsvæði sem áður var nýtt undir urðun. Garð sem bæri brag af starfseminni á svæðinu og gæti vakið fólk til umhugsunar um endurvinnslu og umhverfismál. Koma á legg fjölbreyttum, áhugaverðum og öðruvísi stað fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins að upplifa, fræðast og stunda útivist.



SORPA fer með þessu erindi á leit við skólayfirvöld í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og norðanverðum Grafarvogi að efna til samstarfs við skóla á áðurnefndu svæði um útfærslu og framkvæmd hugmyndasamkeppninnar. Starfsfólk SORPU sæi um bróðurpart vinnunnar, með aðstoð kennara sjöundu bekkja.

Hugmyndasamkeppnin fæli í sér að halda hálf dags vinnustofur í samvinnu við skólastjórnendur og kennara í hverjum skóla. Hluti vinnustofanna fæli í sér yfirferð yfir hringrásarhugsun, vegferðina frá urðun til endaloka urðunar í Álfsnesi og fleira. Þetta verkefni gæti því vel nýst í náttúru- og umhverfisfræði, samfélagsfræði og hönnunarvinnu.

Í lok hvernar vinnustofu munu nemendur sjálfir velja tvær bestu tillögurnar sem munu komast áfram í lokakeppni sem haldin yrði í kjölfar vinnustofanna. Lagt er upp með að halda þessa hönnunarsamkeppni fyrir nemendur veturinn 2024/2025, til dæmis að vori 2025.

Kostnaður við vinnustofur og keppnina, þar með talið kostnaður við veitingar, verður greiddur af SORPU bs.